

14080034
2.4.72
03. 10. 2014

S.G.

Stjórnarskrárnefnd
Forsætisráðuneyti
150 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 30. september 2014

Tilvísun: UTN14090220/01.T.001

EG/KAS

Í fyrstu áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar er fjallað um framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu, lýst fyrri tillögum sem fram hafa komið og umræðum í nefndinni. Í frumgreiningu nefndarinnar kemur fram að hún sé einhuga um að í stjórnarskrá verði tekið ákvæði sem heimili framsal valdheimilda ríkisins með ákveðnum skilyrðum á afmörkuðum sviðum. Einnig að ákvarðanir þar að lútandi skuli taka með með auknum þingstyrk eða mögulega vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Af hálfu utanríkisráðuneytis er tekið undir að brýn þörf sé á að fjalla í stjórnarskrá um meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við önnur ríki og fjöлþjóðlegar stofnanir í þágu alþjóðasamvinnu. Aukið alþjóðlegt samstarf stjórnvalda við önnur ríki og alþjóðastofnanir reynir ítrekað á þanþol stjórnarskrárinna að þessu leyti. Á það sérstaklega við um aðild Íslands að EES- og Schengen-samstarfinu.

Þegar fjallað er um meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við aðrar þjóðir og milliríkjastofnanir telur ráðuneytið hins vegar vert að hafa í huga að framsal slíkra heimilda er oftar en ekki afar takmarkað og bundið við skýrt afmörkuð tilvik, sem hafa litla almenna skírskotun. Hér má nefna sem dæmi framsal valds til Eftirlitsstofnunar EFTA, m.a. til ákvörðunar sekta í samkeppnismálum, flugöryggismálum og lyfjamálum og til lokunar reikninga í skráningarkerfi ETS. Framsal valds í þessum tilvikum má því almennt líta á sem þátttöku í eðlilegri þróun alþjóðlegs samstarfs sem Ísland hefur átt aðild að um árabil. Eðlilegt er að til þess sé litið þegar heimildir til að framselja ríkisvald eru útfærðar.

Utanríkisráðuneytið óskar að nota þetta tækifæri til að áréttu mikilvægi þess að umfjöllun um framsal ríkisvalds sé forgangsraðað í starfi nefndarinnar og lýsir sig reiðubúið til samstarfs um nánari útfærslu ákvæðis í þessa veru eftir því sem nefndin óskar.

F. r.


Birna Þórssen